

Skýrsla skólanefndar á aðalfundi BÍL 1. maí 2021

Á liðnu starfsári sátu í skólanefnd Hrefna Friðriksdóttir, formaður, Dýrleif Jónsdóttir, Herdís Þorgeirsdóttir, Hrund Ólafsdóttir og Gísli Björn Heimisson. Skólanefndin ber sem fyrr höfuðábyrgð á að skipuleggja starf leiklistarskóla Bandalagsins og fundar reglulega allt árið. Formaður þakkar kærlega öllu samnefndarfólki og framkvæmdarstjóra BÍL fyrir metnaðarfullt og skemmtilegt samstarf.

Eins og kunnugt er var fyrirhugað skólastarf leiklistarskólans að Reykjum fellt niður sumarið 2020 vegna Covid-19. Tekin var ákvörðun um að bjóða samskonar námskeið sumarið 2021.

Haustið 2020 hófst ánægjulegt samstarf við Þjóðleikhúsið um námskeiðahald og í september sl. var haldið eitt hljóðnámskeið og eitt ljósanámskeið. Lauslega hefur verið rætt um frekara samstarf sem verður spennandi að fylgja eftir þegar færi gefst.

Við erum mjög bjartsýn á að hefðbundið skólastarf að Reykjum verði að veruleika í sumar, nánar tiltekið frá 19.-27. júní. Eins og áður sagði er stefnan tekin á sömu námskeið og átti að halda 2020, en þó með nýjum kennurum í einhverjum tilvikum vegna forfalla. Árið 2021 er því boðið upp á fjögur fjölbreytt námskeið:

1. **Leiklist II** - kennari Ólafur Ásgeirsson. Skráðir eru 16 nemendur.
2. **Bak við tjöldin II** - kennarar Eva Björg Harðardóttur og Ingvar Guðni Brynjólfsson. Skráðir eru 10 nemendur.
3. **Leikstjórn I** - kennari Vala Fannell. Skráðir eru 10 nemendur.
4. **Sérnámskeið um leikarann sem skapandi listamañn** - kennari Rúnar Guðbrandsson. Skráðir eru 16 nemendur.

Þegar fjöldi umsókna lá fyrir var ákveðið að bjóða einnig nokkur pláss laus fyrir höfunda í heimsókn.

Við erum afar þakklát fyrir áhugann á skólastarfinu og spennt fyrir samstarfi við nýja kennara. Hlökkum mikið til að hefjast aftur handa og njóta þess skemmtilega og skapandi starfs sem alltaf hefur einkennt skólann okkar.

Segi ég þá lokið skýrslu skólanefndar. Takk fyrir!